

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag fyrir Votmúla 2 – Austurkot.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti þann 19. september 2018 deiliskipulag fyrir Votmúla 2 - Austurkot. Skipulagssvæðið er um 20 ha landbúnaðarsvæði sem nær yfir Votmúla 2, landnr. 192087, sem er um 15 ha, um 3 spildur úr landi Austurkots, landnr. 166176 og vegsvæði Votmúlavegar (310) sem er um 2 ha. Á deiliskipulagssvæðinu eru 6 lóðir undir íbúðarhúsnæði með bílskúrum, gestahús, hesthús og skemmu/geymslu tengda starfseminni, 2 spildur undir vegsvæði og 2 lóðir fyrir beit. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum aðkomuvegum að lóðunum frá Votmúlavegi (310) og Lækjamótsvegi (3175). Kvöð um aðkomuvegi verður á lóðunum. Deiliskipulagið hefur hlotið lögbundna meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 24. júní 2019.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2019